

Stjórnarfundur hjá Félagi hrossabænda

haldinn í Bændahöllinni þriðjudaginn 29. janúar 2008 kl. 15

Mætt voru: Kristinn Guðnason, Ólafur Einarsson, Eyþór Einarsson, Sigbjörn Björnsson og Hulda G. Geirsdóttir sem ritar fundargerð. Helga Thoroddsen tók þátt í fundinum í gegnum fundarsíma.

Málefni WorldFengs rædd. Jón Baldur Lorange kom til fundarins og ræddi þróun mála varðandi WorldFeng og samstarfið við FEIF. Talað hefur verið um að opna WF fyrir alla, en ekki náðist samkomulag um það mál fyrir aðalfund FEIF sem fram fer í febrúar nk. og var ákveðið að fresta tillögugerð þar um í amk. eitt ár. Jón sagði andrúmsloftið innan FEIF að breytast og Ísland sæti ekki lengur á þeim stelli sem það hefur haft þar í gegnum tíðina. Hann sagði mikilvægt að íslenskir hrossaræktendur ættu sína málsvara innan FEIF og þeir hefðu áhrif á ákvarðanatöku innan samtakanna. Samþykkt að ítreka stuðning við WorldFengs verkefnið á Búnaðarþingi og það fyrirkomulag sem nú er í notkun gagnvart FEIF.

Uppgjör uppskeruhátíðar rætt. Hulda gerði grein fyrir uppgjöri hátíðarinnar þar sem fram kom að LH tók 300.000 krónur fyrir sína vinnu við undirbúning hátíðarinnar. Stjórnarmenn voru sammála um að sá kostnaður væri allt of hár og það hlyti að vera hægt að skipuleggja hátíðina á ódýrari máta. Samþykkt að óska eftir því við LH að þegar að næstu hátíð kemur verði boðað til fundar og undirbúningi verði skipt á milli félaganna, eða LH taki verkið að sér á fyrirfram ákveðnu verði. Einnig samþykkt að óska eftir frekari útlíun, þ.e. tímaskrá og verði pr. klst. vegna þeirrar þjónustu sem LH veitti.

Verðskerðingarsjóður. Farið yfir stöðu í sjóðnum og reikninga vegna flutninga. Verð á flutningum virðist sanngjarnt, en hrossin eru keyrð til slátrunar ýmist hjá slátruhúsi KVH eða KS. Fram kom að Kristinn hefur átt í viðræðum við SS varðandi hrossa- og folaldaslátrun.

Guðlaugur Antonsson, hrossaræktarráðunautur BÍ, kom til fundar og ræddi ýmis mál við stjórnarmenn. Stefnt er að því að Guðlaugur og Kristinn fari í sína árlegu fundarferð og þá líklegast í mars, en athuga þarf dagsetningar betur. Einnig var rætt um hugsanlegan fund eða ráðstefnu um framtíðarsýn í málefnum hrossaræktarinnar og framboð Sigbjörns Björnssonar í kynbótadómaranefnd FEIF.

Einnig las Kristinn bréf frá Eyjólfí Guðmundssyni varðandi innflutning erlendra dýrategunda.

Stjórn skipti því næst með sér verkum en það hafði ekki verið gert eftir sl. aðalfund. Stjórnin er þannig skipuð að formaður er Kristinn Guðnason, varaformaður er Sigbjörn Björnsson, gjaldkeri er Eyþór Einarsson, ritari er Helga Thoroddsen og meðstjórnandi er Ólafur Einarsson.

Skipun í fagråd. Samkvæmt áður samþykktu tillögu er miðað við að menn sitji í fagráði í fjögur ár í senn. Jón Vilmundarson í Skeiðháholti hefur setið í fagráði sl. fjögur ár og lýkur hann nú störfum. Jóni eru þökkuð góð störf á þeim vettvangi. Stjórn FHB samþykkti að skipa Bjarna Þorkelsson á Þóroddstöðum sem nýjan mann í fagråd. Varamaður hans er Helgi Eggertsson í Kjarri.

Menntaráðstefna. Samþykkt að Helga verði fulltrúi FHB á menntaráðstefnu LH og Menntamálaráðuneytisins nk. föstudag.

Markaðs- og þróunarnefndir ræddar. Kristinn hefur rætt við fulltrúa ráðuneytisins og eru menn almennt sammála um að einfalda þurfi það kerfi sem nú er í gangi þar sem tvær aðskildar nefndir sjá um úthlutun fjármagns til verkefna í greininni. Félag hrossabænda gerir það að tillögu sinni að skipuð verði ein nefnd sem í sitji fulltrúar frá FHB, LH, FT og Landbúnaðarráðuneytinu. Hugsanlega megi einnig leita eftir samstarfi við Útflutningsráð, t.d. varðandi starfsmann nefndarinnar eða sérverkefni henni tengd. Nefndin setji sér starfsreglur, móti starfið og beri kostnað af starfi sínu.

Rætt um **verkefni félagsins á komandi ári** og ýmsar hugmyndir viðraðar. Stjórn og starfsmaður hafa þegar mótaðar hugmyndir að nokkrum verkefnum sem hægt verður að ráðast í sé fjármögnum þeirra trygg.

Eyþór Einarsson, gjaldkeri FHB, lagði fram rekstraráætlun vegna 2007 og fór yfir stöðu fjármála félagsins. Fram kom að staðan er nokkuð góð og sjóður félagsins hefur vaxið, m.a. vegna góðra vaxtatekna á sl. ári.

Formannafundur 2008. Rætt um formannafund 2008 og hann dagsettur föstudaginn 4. apríl nk.

Önnur mál. Rætt um ýmis önnur mál, s.s. hugsanlega endurnýjun á merki félagsins, leiðbeiningar um hesthúsbyggingar, afgreiðslu tillagna af aðalfundi og Landsmót 2008.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 19.

HGG/hgg